

# Tillögur til kosningar

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar Sunnulækjarskóla. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

---

## Stuðningsfulltrúar sem starfa í skóla og sérdeild

### Tillaga að vinnutímastyttingu

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og engin breyting verður á högun kaffi- og matartíma.

### Útfærsla styttingar:

Stuðningsfulltrúi sem er í meira en 90% starfshlutfalli safnar 13 mín styttingu upp og tekur út einu sinni í viku, samtals 65 mín m.v. starfsmann í 100% starfshlutfalli.

Stuðningsfulltrúi sem er í minna en 90% starfshlutfalli safnar 13 mín styttingu upp og tekur út einu sinni í viku, samtals 65 mín m.v. starfsmann í 100% starfshlutfalli, eða bætir styttingunni ofan á núverandi starfshlutfall.

Vinnutímastytting hlutfallast m.v. starfshlutfall.

### Útfærsla á neysluhléum,

Stuðningsfulltrúi sem starfar í skóla fær 20 mínútna kaffitíma fyrir hádegi og verður kaffitíminn á forræði starfsmanns. Sá hluti kaffitímans sem eftir er miðað við 35 mínútur af 100% starfshlutfalli verður bætt við starfshlutfallið sem því nemur.

Stuðningsfulltrúi sem starfar í sérdeild tekur ekki kaffitíma yfir daginn og stytir vinnutíma sinn um 35 mínútur miðað við 100% starfshlutfall í samvinnu við næsta yfirmann. Kaffitímar fyrir og eftir hádegi, samtals 35 mínútur miðað við 100% starfshlutfall verða ekki á forræði starfsmanns og teljast til virks vinnutíma.

Þegar kaffitími er á forræði starfsmanns þá fær hann skilgreindan kaffitíma, t.d. 20 mín. fyrir hádegi.

Þegar kaffitími er ekki á forræði starfsmanns þá þýðir það að ekki er um formlegt neysluhlé að ræða, starfsmaður fær að taka sér hlé til að ná sér í kaffibolla og nærast en neysluhlé getur færst til og starfsmaður er sveigjanlegur og alltaf til taks.

### Veikindi, orlof og uppsöfnun.

Starfsmenn geta ekki “frestað” styttingu vinnutíma eða áunnið sér rétt til að taka hana út í annan tíma en vinnutímasamkomulag gerir ráð fyrir. Styttingin fellur niður í veikindum eða í

orlofi starfsmanns. Með styttingu vinnutíma þurfa starfsmenn að leggja sitt af mörkum við að lágmarka fjarveru sína á vinnutíma.

**Endurskoðun:**

Tillaga þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2021 ef hún verður samþykkt af meirihluta starfsmanna. Tillagan verður endurskoðuð í maí 2021.

---

## **Stuðningsfulltrúar sem starfa í skóla, sérdeild og á frístundinni Hólum**

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting.

Stuðningsfulltrúi sem starfar í skóla og frístund fær 20 mínútna kaffitíma fyrir hádegi og verður kaffitíminn á forræði starfsmanns.

Stuðningsfulltrúi sem starfar í sérdeild og frístund tekur ekki kaffitíma fyrir hádegi og styttr vinnutíma sinn um 35 mínútur miðað við 100% starfshlutfall í samvinnu við næsta yfirmann. Kaffitími verður ekki á forræði starfsmanns og telst til virks vinnutíma.

Stuðningsfulltrúi sem starfar í skóla, sérdeild og frístund vinnur áfram sinn vinnutíma í skóla og sérdeild og eykur starfshlutfall sitt sem nemur vinnutímastyttingunni miðað við starfshlutfall starfsmanns.

**Veikindi, orlof og uppsöfnun.**

Starfsmenn geta ekki “frestað” styttingu vinnutíma eða áunnið sér rétt til að taka hana út í annan tíma en vinnutímasamkomulag gerir ráð fyrir. Styttingin fellur niður í veikindum eða í orlofi starfsmanns. Með styttingu vinnutíma þurfa starfsmenn að leggja sitt af mörkum við að lágmarka fjarveru sína á vinnutíma.

**Endurskoðun:**

Tillaga þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2021 ef hún verður samþykkt af meirihluta starfsmanna. Tillagan verður endurskoðuð í maí 2021.

---

## **Aðstoðar matráðar**

**Tillaga að vinnutímastyttingu:**

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting ásamt því að kaffitímar starfsmanna verða seldir og verður því vinnutímastyttingin uppá 48 mínútur í heild sinni m.v. starfsmann í 100% starfi. Vinnutímastyttingin hlutfallast miðað við starfshlutfall starfsmanns.

**Útfærsla vinnutímastyttingar:**

Vinnutímastyttingunni verður bætt ofaná núverandi starfshlutfall starfsmanna.

## **Endurskoðun:**

Tillaga þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2021 ef hún verður samþykkt af meirihluta starfsmanna. Tillagan verður endurskoðuð í maí 2021.

---

## **Ritari, safnstjóri, sérfræðingur og iðjuþjálfari**

### **Tillaga að vinnutímastyttingu:**

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting. Fyrirkomulag kaffitíma verður samkomulag milli starfsmanns og næsta yfirmanns.

### **Kaffitímar:**

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli á rétt á 35 mín kaffitíma yfir daginn. Starfsmenn geta haft forræði yfir fyrri kaffitíma sínum, samtals 20 mín fyrir hádegi. Það sem eftir stendur af kaffitímanum, eða 15 mín verða þá ekki á forræði starfsmanns og bætist við vinnutímastyttinguna.

### **Útfærsla:**

Starfsmenn í 90-100% starfshlutfalli taka út vinnutímastyttinguna í samráði við sinn næsta yfirmann.

Starfsmenn í minna en 90% starfshlutfalli geta valið um að taka út vinnutímastyttinguna eða bæta henni ofan á núverandi starfshlutfall og halda óbreyttum vinnutíma.

### **Dæmi:**

#### Starfsmaður í 100% starfshlutfalli

Starfsmaður fær 13 mín vinnutímastyttingu á dag og að auki 15 mín vegna niðurfellingar á seinni kaffitíma, samtals 28 mín á dag eða 2,3 klst á viku. Starfsmaður útfærir úttöku á vinnutímastyttingu sinni með sínum næsta yfirmanni.

#### Starfsmaður í 80% starfshlutfalli

Starfsmaður fær 10 mín vinnutímastyttingu á dag og að auki 12 mín vegna niðurfellingar á seinni kaffitíma, samtals 22 mín á dag eða 1,8 klst á viku. Starfsmaður útfærir úttöku á vinnutímastyttingu sinni með sínum næsta yfirmanni. Starfsmaður getur einnig kosið að bæta vinnutímastyttingunni ofan á núverandi starfshlutfall.

#### Starfsmaður í 50% starfshlutfalli

Starfsmaður fær 6,5 mín vinnutímastyttingu á dag og að auki 7,5 mín vegna niðurfellingar á seinni kaffitíma, samtals 14 mín á dag eða 1 klst og 10 mín á viku. Starfsmaður útfærir úttöku á vinnutímastyttingu sinni með sínum næsta yfirmanni. Starfsmaður getur einnig kosið að bæta vinnutímastyttingunni ofan á núverandi starfshlutfall.

### **Breytingar á vinnuskipulagi:**

Þegar kaffitími er á forræði starfsmanns þá fær hann skilgreindan kaffitíma, t.d. 20 mín. fyrir hádegi. Þegar kaffitími er ekki á forræði starfsmanns þá þýðir það að ekki er um formlegt

neysluhlé að ræða, starfsmaður fær að taka sér hlé til að ná sér í kaffibolla og nærast en neysluhlé getur færst til og starfsmaður er sveigjanlegur og alltaf til taks.

### **Veikindi, orlof og uppsöfnun.**

Starfsmenn geta ekki “frestað” styttingu vinnutíma eða áunnið sér rétt til að taka hana út í annan tíma en vinnutímasamkomulag gerir ráð fyrir. Styttingin fellur niður í veikindum eða í orlofi starfsmanns. Með styttingu vinnutíma þurfa starfsmenn að leggja sitt af mörkum við að lágmarka fjarveru sína á vinnutíma

### **Endurskoðun:**


Tillaga þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2021 ef hún verður samþykkt af meirihluta starfsmanna. Tillagan verður endurskoðuð í maí 2021.

## **Niðurstöður kosninga**

### **Stuðningsfulltrúar sem starfa í skóla og sérdeild og á frístundinni Hólum**

Svarhlutfall: 63%

Ert þú hlynnt/hlynntur tillögunni?



Mean : 1.000 | Confidence Interval @ 95% : [1.000 - 1.000] | Standard Deviation : 0.000 | Standard Error : 0.000

## Aðstoðar matráðar

Samþykkt án kosningar. Tillaga mynduð af öllum starfsmönnum og tók mið af núverandi vinnufyrirkomulagi.


Breytingar á starfshlutfalli m.v. tillögu:

Kennitala*	Nafn	Ráðningarhlutfall nú	Ráðningahlutfall eftir styttingu
191185-2429	Faney Sigmarsdóttir	88%	89.25%
071259-5369	Guðrún Runólfssdóttir	63%	63.75%
181054-7869	Hjördís Gunnlaugsdóttir	75%	76.50%
191061-3739	Kristín Guðný Guðmundsdóttir	88%	89.25%
290567-4599	Sigríður Margrét Helgadóttir	75%	76.50%
141157-4429	Þórunn Þórmundsdóttir	75%	76.50%

## Ritari, safnstjóri, sérfræðingur og iðjubjálfi

Svarhlutfall: 50%

Ert þú hlynnt/hlynntur tillögunni?



Mean : 2.000 | Confidence Interval @ 95% : [0.868 - 3.132] | Standard Deviation : 1.155 | Standard Error : 0.577

## OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg

Höfundur:

Signý Harpa  
Hjartardóttir

Málsheiti: **Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg**

Málsnúmer:

[2012144](#)